

Fundargerð (52)

Fundur haldinn í húsnæði ríkissáttasemjara, Borgartúni 21, fimmtudaginn 17. mars 2022, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir (Teams)
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Heiða Vignisdóttir.
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bárá Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- Skýrsla matshóps.** Þórir Gunnarsson, fulltrúi ASÍ í matshópi, sat þennan lið dagskrárinnar gegnum Teams. Sjötta framvinduskýrsla matshópsins fyrir mars 2022 lá fyrir í gögnum fundarins og gerðu Kolbeinn og Einar Mar grein fyrir henni. Bárá Hildur greindi frá fundi sínum með matshópnum, þar sem m.a. var rætt hvernig skýrslur matshópsins geti auðveldað eftirfylgni stýrihópsins og aukið á skilvirkni. Rætt um stýrkerfi verkefnisins, hlutverk einstakra aðila þar og samspil þeirra í milli. Aðalsteinn Leifsson ríkissáttasemjari kom inn á fundinn og tekin var ákvörðun um að hann boði til og stýri vinnufundi stýrihóps og matshóps til að stilla saman strengi og setja upp áætlun um að forgangsraða og nýta tímann framundan sem best í þágu allra þeirra sem aðild eiga að BVV. Bárá Hildur boðar fund 7. apríl n.k. og eiga allir fulltrúar í stýrihópnum von á að sitja hann. Dagskráin verður undirbúin hjá ríkissáttasemjara og drög til ábendinga send út með góðum fyrirvara.
- Fundargerð** frá síðasta fundi 3. mars 2022 samþykkt.
- Framvinduskýrsla.** Bárá Hildur fór yfir framvinduskýrslu, dags. 16. mars 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Gerði hún grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnar frá síðasta fundi. Með framvinduskýrslunni fylgdi kynning Bárú Hildar um ávinning og áskoranir tengdar betri vinnutíma í vaktavinnu, sem hún flutti á málþingi um stofnun ársins 2022. Nokkrar umræður urðu m.a. um könnun Gallups sem kynnt var á málþinginu .

4. Önnur mál

- Að ósk Hörpu Júlíu voru úrlausnir launagreiðenda vegna 49,9% vaktavinnuhópsins á dagskrá og minnt á nauðsyn þess að skýra stöðu þess hóps svo sem unnt er. Vandí felst í afmörkun hópsins og ekki liggur fyrir hversu stór hann er hjá einstökum launagreiðendum. Reykjavíkurborg og sveitarfélögin almennt vita ekki til þess að mál af þessum toga bíði úrlausnar. Ákveðið að verkefnastjóri komi málinu á dagskrá næstu funda innleiðingarhópa. Á þeim vettvangi verði ákveðið hvernig málum verði fylgt eftir hjá launagreiðendum.

Fundi slitið kl. 15.46. Næsti reglulegi fundur stýrihóps verður fimmtudaginn 7. apríl 2022 kl. 14.30 en vinnufundur stýrihóps og matshóps undir stjórn sáttasemjara verður frá kl. 10 sama dag.

Fundargerð er aðgengileg á Teams.